

fána með réttum litum og hlutföllum, enn fremur að hann sé ekki hafður uppi fram yfir þann tíma, sem lög um notkun íslenska fánans segja til um.

12. gr.

Árlega skal athuga húseignina alla vandlega með viðgerð fyrir augum. Einkum skal athuga: múrhúðun, þak, þakrennur, niðurföll, hurðir og dyraumbúnað, glugga (utan og innan), málningu, gólfduka, klæðningu veggja, hreinlætistöki, eldavél og hitunarkerfi, raflagnir og ljósataki, vatnslögn og krana, gluggatjöld, gólf í samkomusal o. s. frv.

Auk hinnar árlegu athugunar og viðgerðar sé þess gætt, að sem flestar skemmdir á húsi eða húsmunum séu lagfærðar jafnóðum, svo að þar sé jafnan ríkjandi snyrtimennska.

13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess, né neins konar fíknilyfja. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skirskotun til 8. gr. laga nr. 107 28. október 1970, um félagsheimili, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 19. júlí 1972.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um möskvastærð og útbúnað þorskfiskneta.

1. gr.

Lágmarksstærð möskva þorskfiskneta skal vera slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 178 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal á svæði fyrir Norðurlandi frá línu, sem dregin er réttvísandi norður frá Horni austur um að línu, sem dregin er réttvísandi norðaustur frá Digranesi, vera heimilt að nota þorskfisknet þar sem lágmarksstærð möskva er slík, að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika, 140 mm breið og 2 mm þykk, auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

3. gr.

Við veiðar með þorskfisknetum úr gerviefnum er bannað að nota kúluhanka eða önnur flottengsl úr öðru efni en óbikaðri eða ólitaðri sísalínu, sem ekki er gildari en 7 mm að þvermáli.

4. gr.

Öll þorskfisknet skulu tryggilega merkt því skipi, sem notar þau, samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins.

5. gr.

Auk almenns eftirlits Landhelgisgæzlu með veiðum og veiðarfærum geta sérstakir eftirlitsmenn, sem hafa skulu í fórum sínum persónuskilríki útgefin af ráðuneyti, haft eftirlit með því, að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmanni kleift að gera þær athuganir á netum skipsins, sem eftirlitsmaður telur nauðsynlegar, enda valdi eftirlitið sem minnstri truflun og óþægindum.

6. gr.

Eigi ná ákvæði reglugerðar þessarar til fiskveiða í þágu vísindalegra rannsóknna.

7. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og heimilt er að gera afla og veiðarfæri upptæk til rikissjóðs. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Ákvæði 1. og 2. gr. reglugerðarinnar taka þó ekki gildi fyrr en 1. janúar 1973.

Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 160 11. ágúst 1960 um útbúnað þorska og ýsuneta úr gerviefnum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 25. júlí 1972.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Þórður Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um takmörkun leigubifreiða í Reykjavík og ráðstöfun atvinnuleyfa.

1. gr.

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannlutninga í Reykjavík skal, á meðan bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar og hreppsnefnd Seltjarnarneshrepps, ekki leyfa fólksbifreiðastöðvar, hvor í sínu lögsagnarumdæmi, fyrir aðrar bifreiðar en frá bifreiðastöðvum í Reykjavík, miðuð við íbúatölu í lögsagnarumdæmum Reykjavíkurkaupstaðar, Kópavogskaupstaðar og Seltjarnarneshrepps, þannig að ein bifreið komi á hverja 140 íbúa, sem þar eiga lögheimili samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þegar rétt hlutföll samkvæmt framansögðu eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita, vegna fólksfjölgunar, eitt atvinnuleyfi fyrir hverja 140 íbúa og eitt atvinnuleyfi fyrir hvert leyfi, sem losnar.

Umsóknir um atvinnuleyfi skulu hafa borizt samgönguráðuneytinu fyrir 1. okt. ár hvert.